

**Nd.**

**131. Frumvarp til laga**

[126. mál]

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, tímabundið leyft slátrun í sláturhúsum sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telur að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til 1. júní 1988.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér að heimild ráðherra til að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum sé ekki lengur hendi skv. lögum nr. 30/1966, sbr. breytingu með lögum nr. 21/1980. Á undanförunum árum hafi verið unnið að byggingu nýrra sláturhúsa. Hins vegar þurfi enn um sinn að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum þar sem yfirdýralæknir eða héraðsdýralæknir telja að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist á viðunandi hátt og beri því brýna nauðsyn til að framlengja heimild ráðherra til að leyfa slátrun í þessum sláturhúsum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, tímabundið leyft slátrun í sláturhúsum sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telur að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til 1. júní 1988.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. júní 1987.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Jón Helgason.